



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Sent umsagnir@althingi.is

Reykjavík, 8. október 2024

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga um námsgögn, 222. mál


Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) og aðildarsamtök þess, Samtök menntatæknifyrirtækja (hér eftir „IEI“), hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um námsgögn, 222. mál en beiðni um umsögn barst SI þann 24. september 2024. Samtökin fagna frumvarpinu sem gerir börnum allt að 18 ára aldri kleift að fá gjaldfrjáls námsgögn í leik-, grunn- og framhaldsskóla. Samtökin fagna þeim skrefum sem frumvarpið tekur í átt að fjölbreyttara og nýsköpunarvænna umhverfi. Að framangreindu gættu vilja samtökin koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Viðvarandi skortur á námsgögnum

Gætt hefur viðvarandi skorts á námsgögnum hérlandis undanfarin ár sem hefur haft í för með sér aukið álag á kennara. Samkvæmt könnun Menntamálastofnunar frá janúar 2024 kemur fram að 70% kennara sögðust oft eða mjög oft nýta efni sem þeir bjuggu til sjálfir vegna skorts á námsgögnum.

Mikilvægi menntatækni í framtíðarmenntun

Samtökin og IEI fagna því að í frumvarpinu er lögð áhersla á innleiðingu menntatækni, aukinn stuðning við nýsköpun og útgáfustarfsemi sem tekur mið af örri tækniþróun og samfélagsbreytingum. Í ljósi tækniþróunar og fjórðu iðnbyltingarinnar er óskiljanlegt að menntatækni sé ekki þegar viðurkennd sem fullgildur valkostur innan flóru námsgagna hjá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS). Menntatækni gegnir lykilhlutverki til að fylgjast með raunstöðu nemenda og til að mæta kröfum um inngildingu og fjölbreytni í menntakerfinu.




Hversu oft notar þú efni sem er útbúið í skólanum?

Fjármögnun Námsgagnasjóðs og Þróunarsjóðs

Árið 2008 var framlag til Námsgagnasjóðs og Þróunarsjóðs 157 milljónir króna á verðlagi þess árs. Sé það reiknað til verðlags dagsins í dag nemur sú fjárhæð 363 milljónum króna. Framlög til sjóðanna hefur því ekki fylgt verðlagsþróun. Þess í stað hefur framlagið rýrnað, en árið 2023 nam heildarframlag til beggja sjóða 152 milljónum króna eða ekki nema um 42% þeirrar fjárhæðar sem ætti að vera í sjóðunum hefði framlag til þeirra þróast í takti við verðlag.

Námsgagnasjóður sem hefur það hlutverk að veita skólum tækifæri á að kaupa námsefni utan þess sem skólar fá frá Menntamálastofnun var árið 2023 um 74 milljónir sem úthlutað er til skóla út frá fjölda nemenda. Árið 2023 voru um 47.000 nemendur í íslenskum grunnskólum og því fær hver skóli um 1.574 kr. á hvern nemanda til námsefniskaupa utan þess sem veitt er frá ríkinu. Upphæð sem væri nær 8.000 kr. hefðu áætlanir sem gerðar voru við stofnun sjóðsins staðist. Almennur fjármagnskortur til námsefnisgerðar og útgáfu hefur því ríkt um töluvert skeið, en ef öll fjárframlög til þeirra þriggja stóða sem kveðið er á um í lögum um námsgögn nemur það um 532,5 milljónum. Ef fjármagnið er sett í samhengi við heildarkostnað grunnskólanema þá fer ekki nema 0.4% árlegs kostnaðar við rekstur hvers grunnskólanemanda í námsefnisgerð og kaup. Það er áhyggjuefni að fjárveitingar til

Framlög til Námsgagnasjóðs 2007-2021



Framlög til Þróunarsjóðs námsgagna 2008-2021




Heimild: [25 ár frá yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaga](#)

Námsgagnasjóðs og Þróunarsjóðs námsgagna séu minni nú en árið 2008, þrátt fyrir auknar kröfur. Er það í beinni andstöðu við markmið menntastefnu stjórnvalda til ársins 2030. Skortur á fjármagni er alvarleg hindrun fyrir framgang nýrra námsgagna. Stjórnvöld verða að auka fjármagn til umræddra sjóða til að tryggja að íslenskir nemendur fái aðgang að fjölbreyttum og nútímalegum námsgögnum. Breytt fyrirkomulag á Námsgagnasjóði og Þróunarsjóði námsgagna eykur ábyrgð og stýringu á úthlutun fjármagns, þar sem Þróunarsjóður getur nú styrkt þýðingar á námsefni og styður við iðn- og tækninám. Þá er það hlutverk Námsgagnasjóðs að tryggja nemendum nútímavædd námsgögn. Samtökin leggja áherslu á að aukið fjármagn fylgi í samræmi við hlutverk ofangreindra stofnanna.

Samtökin fagna því að stjórnarmönnum Þróunarsjóðs fjölgi úr fimm í sjö ásamt innleiðingu fulltrúa atvinnulífs. Samtökin vilja benda á að í könnun Menntamálastofnunar þar sem 512 grunnskólakennarar og 68 skólastjórnendur tóku þátt kemur fram að um 45% svarenda segja mikilvægt að námsefnisgerð sé ríkisrekinútgáfa, 20% svarenda segja að mikilvægt sé að námsefnisgerð sé einkarekin útgáfa og 65% svarenda segja að mikilvægt sé að námsefnisgerð sé samvinna ríkis og einkamarkaðar.

Mér finnst mikilvægt að námsefnisgerð sé:



Skilgreining á námsgögnum í iðn- og tæknigreinum

Fyrirliggjandi frumvarp fjallar um gjaldfrjálsan aðgang að námsgögnum en það skortir skýrleika á því hvað telst til "námsgagna" í iðn- og tæknigreinum. Það er nauðsynlegt að skilgreina hvort gjaldfrjálsu námsgögnin nái aðeins yfir bóklegt efni eða hvort þau feli einnig í sér verklegan búnað. Í mörgum iðngreinum eru námsgögn sérhæfð og dýr, eins og verkfæri fyrir smíði, æfingahausar fyrir hársnyrta eða tæki og útbúnaður fyrir rafvirkja. Þetta eru nauðsynleg tæki til að nemendur geti lokið námi sínu, en óljóst er hvort þessi búnaður fellur undir skilgreiningu frumvarpsins.

Innleiðingarferlið

Samtökin vekja athygli á því að innleiðingarferlið, sem áætlað er að ljúki árið 2029, er óþarflega langt. Þetta þýðir að nemendur sem hófu nám í framhaldsskóla haustið 2024 útskrifast árið 2027 þ.e. áður en gjaldfrjáls námsgögn verða til staðar. Með öðrum orðum munu næstu árgangar nemenda ekki njóta þeirra úrbóta sem frumvarpið boðar sem er miður þegar lausnir og tækni eru þegar til staðar.


Lokaorð

Samtökin telja að frumvarpið sé mikilvægt skref í rétta átt en leggja ríka áherslu á að hraða innleiðingarferlinu. Það er óásættanlegt að lausnir séu til staðar en að næstu árgangar nemenda njóti ekki góðs af þeim vegna þess að fjármagn skortir. Samtökin leggja einnig til að skilgreining á námsgögnum í iðngreinum verði skýrð til að tryggja að nemendur fái gjaldfrjálsan aðgang að þeim verkfærum og tólum sem þeir þurfa til að ljúka námi sínu.


Framangreindar ábendingar eru settar fram með fyrirvara um frekari athugasemdir og vonast samtökin til að fá tækifæri til að útskýra framkomin sjónarmið nánar.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka iðnaðarins


Hulda Birna Kjærnested Baldursdóttir
mennta- og mannauðsmálum SI

f.h. Samtaka menntatæknifyrirtækja


Íris E. Gísladóttir, formaður verkefnastjóri í